



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

### Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi, Reykjavík

30. maí -31. maí 2014

#### 1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

##### 1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2014. Kynnir nýtt fyrirkomulag fimleikaþingsing þar sem prófað er að hafa þingið seinni part föstudags – og þinga fram til laugardags.

#### 2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

##### 2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður FSÍ lagði fram tillögu um Sólveigu Jónsdóttur sem þingforseta og Írisi Svavarsdóttur sem þingritara. Tillagan samþykkt samhljóða.

##### 2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma. Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt. Forseti vonar að þingið verði starfsamt.

##### 2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Þórir Haraldsson, Halla Karí Hjaltedsted og Þröstur Hrafnsson. Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

#### 3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 13 fimleikadeilum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 33 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn þingfulltrúa.

#### 4 Ávörp gesta

##### 4.1 Ávörp gesta



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri ÍSÍ. Færir okkur kveðju frá Forseta ÍSÍ en hann gat ekki verið með okkur í dag. Líney þakkar þeim sem í salnum sitja fyrir þá vinnu sem þau skila til hreyfingarinnar. Kynnir sjálfboðaliða vef ÍSÍ. Talar einnig um hreyfitorg ÍSÍ og breytingar á skrifstofu ÍSÍ. Leggur áherslu á að öll félög séu fyrirmyndarfélög. Tekur fram að í flestum tilvikum séu félög með meira en 80 – 90 % af þeim skilyrðum sem að þarf til að fá viðurkenninguna. Kemur stutt inn á skil á vinnuskýrslum. En öll félög eiga að vera búin að skila þeim til ÍSÍ. Kynnir bæklinga sem að hafa verið unnir til að upplýsa þjálfara, eins og um einelti, kynferðislega áreitni og önnur málefni. Kemur inná þau stóru verkefni sem að framundan eru hjá Fimleikasambandinu, Evrópumótið 2014 og Smáþjóðaleikana 2015 og óskar okkur góðs gengis í þessum stóru verkefnum.

### 5 formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Þórir Haraldsson gerir grein fyrir störfum **kjörnefndar** eftir að hafa yfirfarið og staðfest þau kjörbréf sem lágu fyrir. Kjörbréf voru frá 13 félögum, og voru 93 af 103 mögulegum þingfulltrúum mættir og eru löglegir fulltrúar á þinginu. Þórir les upp nöfn þeirra sem eru fulltrúar og biður þá um að rísa úr sætum. Þegar til kosninga kemur verða fulltrúar hvers fimleikafélags/deildar afhentir atkvæðaseðlar og farið yfir mætingu.

### 6 Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.

#### 6.1 Fundargerð síðasta þings

Fundargerð síðasta þings sem haldið var í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi, Reykjavík 4. maí 2013 var send formönnum félaganna og hefur einnig verið aðgengileg á netinu frá síðasta fundi. Fundargerð síðasta þings staðfest og samþykkt einróma.

### 7 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

#### 7.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

*Kosning formanna starfsnefnda þingsins:*

- |    |   |                         |
|----|---|-------------------------|
| a) | Tækninefnd kvenna                       | Halla Karí Hjalted      |
| b) | Tækninefnd karla                        | Siguður Hrafn Pétursson |
| c) | Tækninefnd í hóp fimleikum              | Olga Bjarnadóttir       |
| d) | Tækninefnd nefnd um fimleika fyrir alla | Guðrún Tryggvadóttir    |



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

e)	Fræðslunefnd	Guðmundur Brynjólfsson
h)	Fjárhagsnefnd	Þorgerður L. Diðriksdóttir
i)	Allsherjarnefnd	Einar Ólafsson
j)	Mótanefnd	Íris Svavarsdóttir

Tillaga um formenn starfsnefnda þingsins samþykkt samhljóða.

### 8 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

#### 8.1 Skýrsla stjórnar

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður stjórnar fer yfir skýrslu stjórnar og gerir þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Sjá framlagða ársskýrslu FSÍ.

Auk Þorgerðar sátu í stjórn Arnar Ólafsson varaformaður, Jósep Húnfjörð gjaldkeri, Einar Ólafsson ritari og Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi. Helgi Jóhannesson starfaði sem framkvæmdastjóri fram til febrúar 2014, Sólveig Jónsdóttir sviðstjóri landsliðsmála og Íris Svavarsdóttir sem sviðstjóri fræðslu- og mótamála frá 1. ágúst 2013.

Hún ræðir tvo drauma sína sem formanns, annars vegar að hópfimleikar verði viðurkenndir hjá Alþjóða fimleikasambandinu (FIG) og svo það að eignast keppenda á Ólympíuleikum. Einnig telur hún upp 3 markmið sem við eigum sameiginleg með öðrum íþróttagreinum; heilbrigði, hugrekki og hreysti.

#### 8.2 Fræðslunefnd

Guðmundur Þór Brynjólfsson formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar.

*Aðrir nefndarmenn:* Auður Vala Gunnarsdóttir, Niclaes Jerkeholt, Axel Bragason og Sesselja Jarvela.

#### 8.3 Nefnd um fimleika fyrir alla

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður FFA var fjarverandi á þingi en ekki var gerð grein fyrir skýrslu nefndarinnar.

*Aðrir nefndarmenn:* Sæunn Viggósdóttir, Helga Bára Bartels Jónsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Óli Geir Jóhannesson.



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

### 8.4 Tækninefnd kvenna

Halla Karí Hjaltested formaður TKV flutti skýrslu fyrir hönd nefndarinnar.

*Aðrir nefndarmenn:* Auður Ólafsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Sandra Matthíasdóttir, Tinna Rut Traustadóttir, Nicoleta Cristina Branzai, Hlín Bjarnadóttir og Florin Paun.

Halla Karí kynnir skýrslu TKV. Hún talar um stækkun á mótahaldi á Íslandi. Talar um íslenska fimleikastigann og hversu mikil vinna hefur farið í hann. Tækninefndin ákveður lágmarksstig sem þarf til að ná þrepum. Móta- og keppnisreglur voru endurskoðaðar á þessu tímabili. Halla bendir á mikilvægi þess að það skjal sé almennt og ekki of flókið. Talar um einnig um störf Sviðsstjóra - og landsliðsþjálfara. Halla kynnir Tokyo verkefnið sem miðast við það að koma keppendum á Ólympíuleikana 2020. Hún spyr: hvar er afreksstefnan og hvernig er staðan á úrvalshópum. Hvar er dómaraþókin og dómarskírteinin. Verkferlar nefnda og skrifstofu þurfa að vera skýrari, ásamt því að ábyrgð verkefna þarf vera skýrari. Í lokin bendir hún á að margt gott hafi verið gert en betur má ef duga skal .

### 8.5 Tækninefnd karla

Sigurður Hrafn Pétursson formaður TK flutti skýrslu fyrir hönd nefndarinnar.

*Aðrir nefndarmenn:* Axel Bragason, Magnús Heimir Jónasson, Guðjón Guðmundsson, Björn M. Tómasson, Þröstur Hrafnsson og Axel Ólafur Þórhannesson.

Sigurður Hrafn fer í gegnum það sem ber helst að nefna og það eru dómaravandamál karlamegin, það hefur verið vandamál sem hefur mótað mótahaldið í vetur. En mótahaldið hefur stækkað gríðarlega og er í fullum vexti ennþá. Íslenski fimleikastiginn, vinna sem heldur áfram í sumar. Anton Heiðar valinn sem dómari á Ólympíuleikum ungmenna, því ber að fagna. Þrátt fyrir dómarahallæri, er framtíðin þó björt og mikil gróska er í karlafimleikum á Íslandi.

### 8.6 Tækninefnd í hóp fimleikum

Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum.

*Aðrir nefndarmenn:* Niclaes Jerkeholt, Karen Jóhannsdóttir, Kristinn Þór Guðlaugsson og Ása Inga Þorsteinsdóttir.

Formaður kynnir störf nefndarinnar. Ekki var gerð grein fyrir skýrslu tækninefndar í hóp fimleikum.

## 9 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

### 9.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skóðunarmanna) og skýrðir.

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður FSÍ, lagði fram reikninga sambandsins fyrir árið 2013 sem sjá má í ársskýrslunni.



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

### 9.2 Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

*Óttar Guðmundsson formaður Ármanns, spyr hvernig árið kom út í samanburði við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á formannafundi 2013 sem hafði verið felld á síðasta þingi.*

*– Þorgerður fer upp og hefur ekki þau gögn en ætlar að kanna málin betur og koma með svör síðar.*

*Auður Inga Þorsteinsdóttir, spyr hvað liggur undir kostnaðarlið um innlend námskeið og mótahald.*

*– Þorgerður fer upp en svarar ekki spurningunni en ætlar að kanna þetta nánar og koma með svör síðar.*

*Auður Vala Gunnarsdóttir, ræðir um tillögur sem voru samþykktar á síðasta þingi. Reglur þyrftu meiri tíma til aðlögunnar, aðgangseyri, mótanefnd var stofnuð hver er staðan á þeirri nefnd? Dómaranefnd hver er staðan á þeirri nefnd? Kemur inn á álag á skrifstofu og brotthvarf framkvæmdarstjóra. Vantar meiri púður í fræðslumálin og dómarmenntunina. Finnst þurfa fleiri hendur til að vinna verkin.*

*Erfitt ár fyrir flesta sem að hreyfingunni koma en þrátt fyrir það hafi margt verið vel unnið.*

*– Þorgerður fer upp og vísar málum til starfsmanna skrifstofu til að nálgast frekari svör.*

*Harpa formaður Gerplu, spyr hver er kostnaður vegna mótahalds innanlands og svo afskriftir ?*

*- Þorgerður fer upp og tilkynnir að svör við þessum spurningum megi fá í fjárlaganefnd þegar hún tekur til starfa.*

*Ingvar Kristinsson, formaður Bjarkanna, skýrslur eigi að vera frá þingi til þings, varðandi reikningana, þannig að samræmi haldist á milli liða innan skýrslunnar. Saknar þess vegna að sjá sundurliðun á liðum 12 og 13. Talar um stöðu sambandsins og lýsir yfir áhyggjum að sambandið sé ekki í nægilega góðari stöðu. Hann saknar þess að sjá reikningana frá hlutafélaginu EM 2014. Hvernig kemur það við daglegan rekstur félagsins? Hann spyr hvort að afrekssjóður ætti ekki að vera í sérstöku bókhaldi? Reikningarnir líta ekki vel út og við þurfum að gæta að rekstri sambandsins.*

*- Þorgerður fer upp og afsakar þau leiðu mistök að gleymst hafi að sundarliða hlutafélagið EM2014 og segir að það sé rétt að Afrekssjóður ætti að vera í sérstöku bókhaldi.*

*Þorvarður Goði, hver er ábyrgð FSÍ gagnvart EM 2014. Hver er efnahagsleg áhætta gagnvart FSÍ ?*

*– Arnar fer upp og segir að áhættan sé engin þar sem að EM2014 er á sér kennitölu.*

*Erla Ormarsdóttir, hvers vegna var ekki farið í að finna nýjan framkvæmdarstjóra, hver var ávinningurinn á bókinni ?*



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

– Einar fer upp og segir að formaður sambandsins hafi getað gengið í störf framkvæmdarstjóra og því hafi stjórn ákveðið að gera það á miðju keppnistímabili. Bókin kom út í smávægilegum hagnaði, enn eru til eintök á skrifstofu sem unnið er að, að koma í sölu.

– Þorgerður fer upp og segir að hún hafi tekið að sér framkvæmdastjórastarfið til að reyna að bjarga starfsemi sambandsins fram á vor, þrátt fyrir að hún hafi ekki fjármálamála menntun hafi hún samt talið að þetta væri besti kosturinn þar sem að hún var öllum hnútum kunnug.

Einar Þorsteinsson, FIMAK, kemur með gagnrýni á að formaðurinn hafi hlaupið í skarð framkvæmdarstjóra, þar sem að augljóst er að starfið krefst mikillar fjármála þekkingar. Einnig símamálin. Hvers vegna er símakostnaðurinn svona hár ?

– Þorgerður fer upp og segir það mikinn sparnað fyrir FSÍ að hún hafi getað hlaupið í skarðið í sjálfbodaliðastarfi og þar með sparað sambandinu þau fjárútlát sem fylgja því að ráða nýjan aðila inn. Hún veit af starfi sínu í hreyfingunni að peningarnir koma úr grasrótinni og þess vegna hafði hún ekki brjóst í sér að þiggja umbun fyrir störf sín. Varðandi aukinn símakostnað, þá er sú hækkun það sem öll fyrirtæki í landinu standa frammi fyrir í dag, eins telur inn í aukinn fjöldi starfsmanna á skrifstofu.

Óttar formaður Ármanns, tekur undir með Ingvari og áhyggjurnar af EM 2014. Hvernig verður háttað málum ef EM 2014 kemur ekki út í plús? Hann vill sjá plön og að allt sé upp á borðinu. Eins óskar hann eftir að fá svar við því af hverju Ármann sem er með 21% keppenda sjái um 50% móthalds í vetur.

– Starfsmaður skrifstofu kom upp og færði rök fyrir mótahaldi Ármanns, félaginu var ekki úthlutað þessum fjölda af mótum en hins vegar bauðst félagið til þess að hlaupa undir bagga þegar upp komu óviðráðanlegar aðstæður eins og ófærð og vöntun á félagi til að halda mót.

Þórir Selfoss, vantar skýringar fyrir lið 12-15. Afskriftir, hvaða einstaklinga er um að ræða? Það er mikilvægt fyrir félögin að gera sér grein fyrir stöðu sinna iðkenda. Hann lýsir yfir áhyggjum af rekstri sambandsins. 41% hækkun á rekstri skrifstofu. Lausafé staða FSÍ er alvarleg, hann kallar eftir uppgjöri á Fimleikabókinni. Mjög gott starf unnið í hreyfingunni, þó að öll félögin séu í fjárförf. En hins vegar þarf að sníða sér stakk eftir vexti.

Þór Ólafsson Björk, það eru fullt að málum sem samþykkt voru fyrir ári en hefur ekki verið sinnt. Spurningin er hvort að Fimleikasambandið hafi efni á þessu afreksstarfi? Reikningar bornir undir atkvæði, ekki hægt að bera þá undir þegar ekki er allt uppi á borðinu.

Jarþrúður Hanna Fjölnir, lýsir undrun sinni á því að ekki sé rætt í einni línu um eignarhald á EM 2014 í ársreikningi FSÍ



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

### 10 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

#### 10.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Reikningar bornir undir atkvæði, samþykktir með 7 mótatkvæðum. Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

Þingforseti leggur til að þingtillögum verði vísað í starfsnefndir og þær teknar til efnislegrar meðferðar þar. Samþykkt einróma.

### 11 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun til næstu tveggja ára.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjöllum og var sent út á alla þingfulltrúa. Tillöginni er vísað til fjárhagsnefndar.

### 12 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára.

Þingforseti leggur fram ónúmerað skjal sem liggur frammi með þingskjöllum og var sent út á alla þingfulltrúa. Tillöginni er vísað til fjárhagsnefndar.

### 13 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið ásamt almennum umræðum um þær:

Tillögur um að hvernig þingskjöllum verður vísað verði inn i nefndir:

Þingskj	1	Tillaga frá fimleikadeild Hattar varðandi breytingar á keppni í 1 flokk og meistaraflokk í hópfimleikum.	THF	Vísað frá
Þingskj	2	Tillaga frá Fimleikadeild Ármanns um námskeið í dómgæslu með áherslu á 6. þrep íslenska fimleikastigans.	THF, TKV, TK	Samþykkt með breytingu
Þingskj	3	Tillaga frá fimleikadeild Hattar að fimleikasamband Íslands greiði ferðakostnað vegna fundarsetu nefndarmanna.	Fjárhagsnefnd	Vísað til stjórnar
Þingskj	4	Tillaga frá fimleikafélagi Akureyrar (FIMAK) um ferðakostnað nefndarmeðlima	Fjárhagsnefnd	Vísað til stjórnar





## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

Þingskj	5	Tillaga frá Íþróttafélaginu Gerplu; umræður um dómaramál.	THF, TKV, TK	Umræða í nefndum
Þingskj	6	Tillaga frá Íþróttafélaginu Gerplu; keppni í Special Olympics á Íslandi.	Mótanefnd	Samþykkt
Þingskj	7	Tillaga frá Íþróttafélaginu Gerplu; umræður um mótamál.	Allsherjarnefnd	Umræða í nefndum
Þingskj	8	Tillaga frá stjórn Fimleikasambands Íslands; Siðareglur FSÍ.	Allsherjarnefnd	Vísað til stjórnar
Þingskj	9	Tillaga frá stjórn Fimleikasambands Íslands; ferðareglur FSÍ.	Allsherjarnefnd	Vísað til stjórnar
Þingskj	10	Tillaga frá stjórn Fimleikasambands Íslands um þjónustugjöld FSÍ.	Fjárhagsnefnd	Samþykkt
Þingskj	11	Tillaga frá stjórn Fimleikasambands Íslands; mótadagskrá 2014-2015.	Allsherjarnefnd	Samþykkt
Þingskj	12	Tillaga frá ungmennafélaginu Fjölni ; Þing FSÍ	Allsherjarnefnd	Felld
Þingskj	13	Tillaga að starfsáætlun FSÍ 2014-2015	Allsherjarnefnd	Samþykkt
Þingskj	14	Tillaga að fjárhagsáætlun FSÍ 2014-2015	Fjárhagsnefnd	Samþykkt
Þingskj	15	Tillaga að mótadagskrá FSÍ 2014-2015	Mótanefnd	Samþykkt

### 14 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

#### 14.1 tillögur um staðsetningu starfsnefnda

Laganefnd	Salur A
Fjárhagsnefnd	Salur B
Allsherjarnefnd	Salur C
Mótanefnd	Salur D
TKV	Salur E
FFA	Salur E
Fræðslunefnd	Salur E





TK	Salur E
THF	Salur E

## 15 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

15.1 Formenn þingnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og atkvæði greidd um niðurstöður þeirra

### Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum:

a) Starfsáætlun til tveggja ára: Samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Formaður fjárhagsnefndar, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

b) Fjárhagsáætlun til tveggja ára: Fjárhagsáætlun samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Formaður fjárhagsnefndar, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

c) Tillögu stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda, samþykkt með meirihluta atkvæða.

Formaður fjárhagsnefndar, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

d) Tillaga um ferðakostnað nefndarmanna FSÍ, samþykkt með meirihluta atkvæða. Stjórn setur reglur sem farið er eftir.

d) Almennar tillögur.

Guðmundur Brynjólfsson formaður fræðslunefndar: Engar tillögur bárust nefndinni en tók stefnumótandi umræðu um framtíð fræðslumála á Íslandi.

TKV og TK

Stutt umræða um dómaramál, sektarkerfi ef ekki er skilað dómurum.

Einn æfingartími fyrir alla? Fagnefndirnar kalla eftir stefnu frá FSÍ um stoðkerfi við félögin um það hvernig réttlæta megi misskiptingu æfingartíma vegna getu.



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

Allsherjarnefnd:

Tillaga um siðareglur- Vísað í nefnd

Tillaga um val á fararstjóra samþykkt með miklum meirihluta

Tillaga um þing FSÍ, tillagan er felld með 29 atkvæðum á móti 22.

Ingvar Formaður Bjarkanna, ræðir fundarsköp. Ræðir mikilvægi þess að þing sé haldið á hverju ári.

### 16 Kosningar.

Kosið skyldi til stjórnar og allra fastanefnda.

#### 16.1 Kosning stjórnar

Þórir Haraldsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir þeim sem hafa boðið sig fram til kjörs í hin ýmsu embætti sem kosið verður í á fundinum. Samkvæmt lögum FSÍ þurfa tilkynningar um framboð til formanns FSÍ berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikaþing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan áðurgreinds frests.

Á miðnætti 16. maí sl. rann út framboðsfrestur til formanns stjórnar og formanna eftirtalinna nefnda, tækninefndar karla, tækninefndar kvenna og tækninefndar í hópfimleikum.

Tvö framboð bárust til formanns FSÍ, frá núverandi formanni Þorgerði Laufeyju Diðriksdóttur og frá núverandi varaformanni FSÍ, Arnari Ólafssyni.

Tvö framboð bárust til formanns tækninefndar karla í áhaldafimleikum. Frá núverandi formanni Sigurði Hrafn Péturssyni og Anton Heiðari Þórólfsyni

Arnar Ólafsson heldur stutta kynningu á sér í framboði til formanns

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir heldur stutta kynningu á sér í framboði til formanns.

Sigurður Hrafn Pétursson heldur stutta kynningu á sér í framboði til formanns tækninefndar karla.

Anton Heiðar Þórólfsson heldur stutta kynningu á sér í framboði til formanns tækninefndar karla.

Gengið til kosninga:



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

Tvo framboð bárust til formanns, Arnar Ólafsson, og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir. Alls bárust 93 atkvæði. Þorgerður Laufey Diðriksdóttir fékk 36 atkvæði á móti 57 atkvæðum Arnars Ólafssonar. Kjörinn formaður Fimleikasambands Íslands er Arnar Ólafsson Klappað fyrir nýjum formanni Fimleikasambands Íslands.

Fjögur framboð bárust til stjórnar: Einar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Kristinn Arason og Sunna Sigurðardóttir.

Eru þau því réttkjörin stjórn FSÍ. Kjöri lýst og klappað fyrir nýkjörinni stjórn.

Tvö framboð bárust í varastjórn FSÍ. Guðrún Vaka Sigurðardóttir, frá fimleikafélagi Akureyrar, Jarþrúður Hanna Jóhannesdóttir, frá fimleikadeild Fjölnis.

Klappað fyrir framkomnum framboðum og eru þær réttkjörnir varamenn í stjórn.

### 16.2 Aðrar kosningar.

#### a) *Formaður tækninefndar karla*

Tvo framboð bárust til formanns tækninefndar karla, Anton Heiðar Þórólfsson, og Sigurður Hrafn Pétursson. Alls voru greidd 93 atkvæði, einu atkvæði var skilað auðu. Anton Heiðar Þórólfsson fékk 35 atkvæði á móti 57 atkvæðum Sigurðar Hrafns Péturssonar. Réttkjörinn formaður tækninefndar karla er Sigurður Hrafn Pétursson Klappað fyrir Sigurði, formanni tækninefndar karla.

#### b) *Formaður tækninefndar kvenna*

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar kvenna, Berglind Pétursdóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar kvenna.

#### c) *Formaður Tækninefndar í hópfimleikum*

Eitt framboð barst til formanns tækninefndar í hópfimleikum, Olga Bjarnadóttir, og er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni tækninefndar í hópfimleikum.

#### d) *Skoðunarmenn reikninga*

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunar menn reikninga, þeir Hafsteinn Þórðarson og Jochum Ulriksson. Eru þeir því réttkjörnir. Klappað var fyrir skoðunar mönnum reikninga.

#### e) *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*

Tillaga um að vísa kosningu fulltrúa í kjörnefnd til stjórnar. Samþykkt einróma.

#### f) *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd*



## Þing Fimleikasambands Íslands 2014

Eitt framboð barst formanns laga og reglunefndar, Jón Finnbogason og er hann því réttkjörinn formaður. Klappað er fyrir formanni laga og reglunefndar FSÍ.

*g) Kosning formanns fræðslunefndar.*

Eitt framboð barst til formanns fræðslunefndar, Hlín Bjarnadóttir, og er hún því réttkjörinn. Klappað er fyrir formanni fræðslunefndar

*h) Kosning formanns nefndar um fimleika fyrir alla*

Eitt framboð barst í formann nefndar um fimleika fyrir alla, Hlíf Þorgeirsdóttir er hún því réttkjörin. Klappað fyrir formanni nefndar um fimleika fyrir alla.

*i) Val fulltrúa á Íþróttáþing*

Lögð fram tillaga um að vísa skipun fulltrúa á íþróttáþing til stjórnar. Samþykkt einróma.

### 17 Önnur mál.

17.1 Jón Finnbogason, Formaður Laganefndar,

Talar um formannskjör og það erfiða val sem þessi formannsslagur var. Talar um það frábæra starf sem að Þorgerður hefur unnið fyrir Fimleikasambandið.

Þorgerður kemur og talar og þakkar fyrir sig sem formaður.

### 18 Ávarp formanns.

18.1 Ávarp formanns

Arnar Ólafsson heldur stutta tölu og þakkar fyrir það traust sem að honum er sýnt með kosningu til formanns.

### 19 Þingslit.

Sólveig Jónsdóttir, þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir gott og vinnusamt þing og slítur því.